

Ung þýsk stúlka fær óvænta athygli fyrir safn níu smásagna:

# Lamandi velgengni

*Bjartur var að gefa út skáld-söguna Sumarhús seinna eftir þýsku skáldkonuna Judith Hermann. Þetta er fyrsta bókin hennar og hefur vakið svo mikla athygli að henni finnst það sjálfri alveg háskalegt! Hvernig getur maður haldið áfram að skrifa ef fyrsta bókin þykir fullþroskað meistaraverk?*

Í nýlegu viðtali við Politiken segist stúlkan ekki skilja hvað það sé við bókina sem fólk þykir svona merkilegt, bæði gagnrýnendur sem hrósa henni í hástert og kaupendum sem þegar eru orðnir hátt á annað hundrað þúsund! „Þegar ég samdi þessar sögur var ég bara að skrifa um sjálfa mig og hluta af mínu lífi af því ég hélt að það sem ég hef upplifað væri á einhvern hátt sérkennilegt. Þess vegna er svo einkennilegt að þúsundir manna skuli kannast við þessar tilfinningar og þessi atvik – ég neyðist eiginlega til að viðurkenna að líf mitt sé ekkert svo sérstakt, þegar allt kemur til alls, bara eins og líf allra annarra.“

### Sú sem ég vildi helst vera

Judith Hermann viðurkennir þó ekki að persónur bókanna séu spegilmyndir hennar sjálfrar og vina hennar og kemst þar í nokkra mótsögn við sjálfa sig. „Sögurnar lýsa ekki lífi mínu eða vinum mínum nákvæmlega. Skáldskapurinn gerir mér kleift að vinna gegn veikleikum mínum. Ég er til dæmis ótælega viðkvæm manneskja og tilfinningasöm en það eru persónurnar mínar ekki. Þær virðast að minnsta kosti býsna kúl við fyrstu sýn en reynast kannski tilfinningasamar þegar nánar er að gætt.“ Svo bætir hún við



PRIST DEBUTANT. Den tidligere filosofistuderende Judith Hermann ved overrækkelsen af den litterære Rudolf-Aleksander-Schöder-Stiftungs-pris i Bremen. — Foto: Ulrich Parrey

**Skræmmende succes**

Den 30-årige tyske forfatter Judith Hermann har fået en

af de kendte novelleforfattere som Raymond Carver. Carver er jo nummer et. Da han besluttede at skrive, tænkte han ikke på...

skömmu seinna: „Eiginlega eru persónur bókanna blanda af sjálfri mér, vinum mínum og manneskjunni sem ég vildi helst vera.“

### Ekki endilega smásaga

Judith Hermann er þritug og byrjaði að skrifa

fyrir um það bil fjórum árum. Hún nam heimspeki og tónlist og vann við leikhús áður en hún uppgötvaði í sér rithöfundinn í starfi sem blaðamaður. Þegar hún fór að skrifa varð henni fyrst fyrir að semja smásögur, ekki ólíkt Ingo Schultze sem hingað kom á bókmenntahátíð í fyrra, enda er Raymond Carver eftirlætishöfundur þeirra beggja. „Ég ætlaði ekkert endilega að skrifa smásögu,“ segir hún, „sagan var bara búin eftir 20 síður! Það var sú næsta líka, og sú þarnaesta.“

### ... eins og að verða fullorðin

Judith er ekkert sérstaklega hrifin af nýjum þýskum bókmenntum, bókunum sem unga kynslóðin er að skrifa þar í landi. „Það er alltof auðvelt að fá efni útgefið nú til dags,“ segir hún, „og alltof áriðandi að vera ungur og sætur. Það er líka áriðandi að búa í Berlín og hafa hinn rétta húmor. Maður á að skrifa hraðar, loftkenndar sögur sem vel mega minna á kvikmyndir; bókmenntagildið skiptir minna máli.“

Svo kemst hún glettilega vel að orði um hlutskipti rithöfundarins: „Fyrstu bókina sína skrifað maður alveg óttalaus af því maður á enga lesendur, engan útgefanda og þekkir ekki gagnrýnendur. Ég skrifaði bókina mína eins og svefngengill í ljóslausu herbergi, skrifaði bara og skrifaði án þess að hugsa. Það er dásamlegt að skrifa þannig en sú tilfinning kemur aldrei aftur. Nú get ég ekki stílt mig um að virða mig fyrir mér meðan ég skrifa. ... Þetta er soldið eins og að verða fullorðin.“

-SA

### Vorið er komið

Vorhefti Skírnis er komið út og staðfestir þannig endanlega, þrátt fyrir alla snjókomu, að vorið er komið. Það er í ritstjórn Svavars Hrafnis Svavarssonar og Sveins Yngva Egilssonar. Tímaritið er enginn nýgræðingur, var fyrst gefið út árið 1827 og er það tímarit á Norðurlöndum sem hefur lengstu samfelldu útgáfuna. Flestar greinar Skírnis fjalla um tengslin á milli hins íslenska og hins erlenda. Til dæmis kannar Steinunn Inga Óttarsdóttir skrif tveggja alþýðumanna sem ferðuðust til Kína á 18. öld. Í grein sinni dregur hún upp sjálfmynd Íslendinganna eins og hún birtist í skrifum um útlenska siði. Jón Yngvi Jóhannsson fjallar síðan um það hvernig Ísland getur orðið framandlegt í augum útlendinga. Jón Yngvi skrifar um viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku á fyrstu áratugum síðustu aldar.

Áðrir sem skrifa í Skírni að þessu sinni eru Sigurður Pétursson, Gottskálk Þór Jensson, Kirsten Wolf, Davíð Logi Sigurðsson, Sigurður Kristinsson, Birgir Hermannsson, Lára Magnúsdóttir, Páll Björnsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Skáld Skírnis er Kristján Karlsson og Gunnar Harðarson fjallar um málverk Eggerts Péturssonar sem er myndlistarmaður tímaritsins.

### Á þriðja hundrað umsóknir

Af umsóknum í Menningarborgarsjóð má sjá að listin blundar í mörgum. 203 umsóknir bárust sjóðnum en tilkynnt verður hverjir hljóta styrkina þann 12. júní. Umsækjendurnir 203 og fjölskyldur þeirra geta beðið spennit þangað til.

### Bækur og Bill Gates



Margir vilja halda því fram að á sumrin hætti fólk að lesa og leggist þess í stað fálætt og njóti sólarrinnar. Þá gleymist að taka það með í reikninginn að sumarþustaðir landsins eru fullir af lesefni sem gott er að glugga í þegar regnið ryðst niður úr himninum. Þá er gott að vita af því að í sumar spjallar Guðmundur Andri Thorsson við hlustendur um gamlar bækur. Þátturinn heitir Skruddur og er sá fyrsti á dagskrá á morgun klukkan 18.28 á rás 1.

Fleiri nýir þættir hefja göngu sína um helgina því á sunnudaginn eru Árni Bergmann og Auður Haralds með nýja þætti. Þáttur Árna nefnist Góð framtíð eða ill og fjallar um framtíðina í bókmenntum. Fyrsti þátturinn er á dagskrá á sunnudag klukkan 10.15. Klukkan 18.28 er svo komið að Auði Haralds að fjalla um sögu ritvinnslunnar frá fyrsta tákni til tölvunnar. Þátturinn nefnist Frá Súmerum til Sílkondalsins.

### Gretar og tíminn

Í gær voru opnaðar tvær sumarsýningar á Kjarvalsstöðum. Um aðra þeirra var fjallað hér á þessum síðum í gær en hin er enn ónefnd. Gretar Reyðisson sýnir í miðrymi Kjarvalsstaða og nefnist sýning hans 1461 dagar. Þar sýnir Gretar verkefni sem hann hefur unnið að frá 1. janúar 1997 og sér ekki fyrir endann á. Vaxtarverkefnið er annars vegar mótað af tímatalinu og hins vegar af tilvistarlegri upplifun tímans og sjónrænni framsetningu upplifunarinnar.



### Tónlist

# Hressileg sumarkveðja

Síðustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári fóru fram fyrir fullu húsi í Háskólabíói í gærkveldi. Þangað streymdu gestir ekki til að hlýða á fræga eða efnilega einleikara eða nafntogaða stjórnendur heldur til þess að heyra flutt eitt frægasta verk allra tíma – Vorblótið eftir Igor Stravinsky.

Fyrri hluti tónleikanna var hins vegar helgaður öðru frægu verki eftir ekki minna frægan mann en Stravinsky. Flutt var sjötta sinfónía Beethovens, sú sem oft er nefnd Pastoral eða Sveitasinfónían. Þessi verk eiga það sameiginlegt að túlkuð er í tönnum dýrkun á náttúru og mannlífi þegar hvorutveggja er mettað af lífskrafti gróskunnar.

Þau ríflega hundrað ár sem skilja á milli verkanna föstra hreint lygilegan mun, bæði í auðvitad tónsköpun, en líka í viðhorfum til þess sem skoðað er og með hvaða aðferðum. Þannig virkar áferðarfallæg þakkargjörð Beethovens nánast yfirborðsleg fyrir þann sem biður spennur eftir villtum krafti Vorblótsins. Krafti sem í fjötrum þrástefjanna ólmast og kveikir rafmagnaða spennu í brjóstinu. Eins og horft sé á stíflu sem er í þann mund að bresta með óþekktum afleiðingum.

Flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands á sjöttu sinfóníu Beethovens var heldur dauflægur þegar á heildina er lítið. Kannski biðu meðlimir líka eftir hinu verkinu, nú eða hið slétta og fellda við sinfóníuna var undirstrikað til að hafa andstæðuna við síðara verkið sem skýrast. Hljóðfærleikurinn var almennt í góðu lagi en túlkunin flöt. Hlutföll milli hljóðfærahópa voru stóreinkennileg. Einleiksstrófur hjá blásurum misstu marks vegna hins þétta og þunga hljóms í alltof mannmargri strengjasveitinni. Þó má segja að það geti verið athyglisvert að heyra verkum breytt með þessum hætti, en spurning hve langt skal gengið.

Stravinsky vann þráðinn í ballettinum um blót að vori í samvinnu við mannfræðing nokkurn. Verkið skiptist í tvo hluta og hvor um sig svo í nokkrar senur sem bera yfirskrift eins og Vorboðar, Stríðandi ættbálkar og Helgidans. Verkið hefur áunnið sér réttmætan sess meðal bestu konsertverka og er í raun sjaldan flutt sem ballött nú á dögum. En þó dansinum á sviðinu sé



DV-MYND TEITUR

### Frábær sumaruppblót hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands

„Óhætt er að fullyrða að enginn hlustar ósnortinn á Vorblót Stravinskys. Tónleikagestir í gærkveldi voru þar engin undantekning og þökkðu flutninginn með sérlega löngu og ákófu lófaklappi. Tónleikarnir í heild voru frábær sumaruppblót í kaldri gjólunni.“

sleppt er verkið litað þessari hreyfingu sem það er samið utan um í flutningurinn í gærkveldi snerist líka um að mörgu leyti.

Í konsertflutningi og á hljómdiskum er það frelsi sem fjarlægðin frá ballettinum skapar oft notað til að draga fram hinar villtu hliðar í fjölyrmtiskum leik samhljómsins. Þetta frelsi var ekki notað nema að litlu leyti í gær heldur miklu frekar lögð áhersla á að undirstrika hina dansandi eðlisþætti verksins. Við þetta varð þó á stundum hrynurinn miklu einfaldari áheyrnar en hann í raun er og þannig missti verkið nokkurn kraft þó það tapaði ekki alltaf töfrum sínum. Þetta er val í túlkun sem er í höndum hljómsveitarstjóra hverju sinni. Í gærkveldi hélt á sprotanum Petri Sakari og hljóp hann í skarðið

fyrir auglýstan hljómsveitarstjóra á þessum tónleikum, Rico Sacconi. Þeir rétt tæplega hundrað hljóðfæraleikarar sem tóku þátt í flutningnum léku af miklum krafti og öryggi. Það er á engan hallað þó sérstaklega sé getið frábærra slagverksleikara og líka mjög þéttar og sannfærandi klarinett-sveitar. Einstaka veikir hlekkir, eins og á milli öldlungsins og jarðartilbeiðslunnar, skyggðu ekki á upplifunina. Óhætt er að fullyrða að enginn hlustar ósnortinn á Vorblót Stravinskys. Tónleikagestir í gærkveldi voru þar engin undantekning og þökkðu flutninginn með sérlega löngu og ákófu lófaklappi. Tónleikarnir í heild voru frábær sumaruppblót í kaldri gjólunni.

Sigfríður Björnsdóttir